

Ed.

135. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 12 til 50 hestafra vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands. Nú hefir vjelstjóri staðist próf samkvæmt framanrituðu og reynst fær nm að stjórna 50 hestafra móturvjel og gegni þeim starfa sem yfirvjelstjóri að minsta kosti 12 mánuði, og öðlast hann þá rjett til þess að stjórna 50 til 100 hestafra móturvjel.

Sá, er verið hefir fyrsti vjelstjóri við 50 til 100 hestafra móturvjel í 12 mánuði eða lengur, öðlast rjett til stjórnar á 100 til 150 hestafra móturvjel.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 50, 4. júní 1924, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum, er ekki gert ráð fyrir, að vjelgæslumenn vinni sjer rjett til að stjórna stærri mótorsjelum en þeim, sem próf þeirra við mótorskóla eða námsskeið veitir þeim í fyrstu, þó að sjálfsgöðu verði sú þekkingin best í þessum efnum, sem fæst með reynslu við meðferð á mótorsjelum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að vjelgæslumenn geti með æfingu orðið færir um að taka að sjer stjórn á 50—100 hestafla mótorsjel, þegar þeir hafa um 12 mánaða tíma stjórnað 50 hestafla sjel, og geti á sama hátt tekið við stjórn á 100—150 hestafla mótorsjel, þegar þeir hafa stjórnað 50—100 hestafla sjel í 12 mánuði eða lengur.

Þetta frumvarp er flutt eftir ósk vjelfróðra manna, og að þeirra dómi er það mjög eðlilegt, að vjelstjórar vinni sjer rjettindi til stjórnar á stærri sjelum á þann hátt, sem farið er fram á í frv.